



# Spurningar um sjálfa/n þig og líðan þína – á meðan þú ert í meðferð

## Spurning 1

- a Þetta er vandamálið sem þú sagðir að ylli þér mestum erfiðleikum þegar þú varst fyrst spurð/ur. (Meðferðaraðili skal fylla í þennan reit).

- b Hversu mikil áhrif hefur það haft á þig undanfarna viku? (Vinsamlegast merktu aðeins í einn reit).

Engin áhrif  0  1  2  3  4  5  Mjög mikil áhrif

## Spurning 2

- a Þetta er hitt vandamálið sem þú sagðir að ylli þér erfiðleikum þegar þú varst fyrst spurð/ur. (Meðferðaraðili skal fylla í þennan reit).

- b Hversu mikil áhrif hefur það haft á þig undanfarna viku? (Vinsamlegast merktu aðeins í einn reit).

Engin áhrif  0  1  2  3  4  5  Mjög mikil áhrif

## Spurning 3

- a Þetta er það sem þú áttir í erfiðleikum með að gera þegar þú varst fyrst spurð/ur. (Meðferðaraðili skal fylla í þenna reit).

- b Hversu erfitt hefur verið að gera þetta undanfarna viku? (Vinsamlegast merktu aðeins í einn reit).

Alls ekki erfitt  0  1  2  3  4  5  Mjög erfitt

## Spurning 4

Hvernig hefur þér liðið undanfarna viku? (Vinsamlegast merktu aðeins í einn reit).

Mjög vel  0  1  2  3  4  5  Mjög illa

## Spurning 5

- a Nú þegar þú ert kominn í meðferð, gætu önnur vandamál hafa orðið erfið. Ef svo er, vinsamlegast greindu frá því vandamáli, sem veldur þér mestum erfiðleikum, með því að skrifa það í reitinn hér fyrir neðan. Skildu reitinn eftir auðan ef engin önnur vandamál hafa orðið erfið.

- b Hversu mikil áhrif hafa þessi önnur vandamál haft á þig undanfarna viku?

(Vinsamlegast merktu aðeins í einn reit, eða skildu eftir autt ef engin ný vandamál hafa orðið erfið.)

Engin áhrif  0  1  2  3  4  5  Mjög mikil áhrif

## Mat meðferðaraðila – meðan á meðferð stendur

Meðferðaraðilinn skal fylla eftirfarandi út

Deild		Upphafsstafir sjúkl.		Kennitala sjúkl.	
Upphafsstafir meðferðaraðila		Kyn sjúkl.			
Dagsetning tilvísunar					
Dagsetning fyrirlagnar PSYCHLOPS - meðan á meðferð stendur					

## Athugasemdir

Í þennan reit má skrá hjá sér athugasemdir er varða meðferðina.

## Skorun PSYCHLOPS

- PSYCHLOPS var hannaður til að meta breytingar á líðan fólks með geðræn vandamál. Skor fyrir meðferð eru borin saman við skor á meðan á meðferð stendur og við lok meðferðar.
- Öll svör eru skoruð á 6 punkta kvarða frá núll til fimm. Því hærra skor, því meiri erfiðleika á manneskjan við að glíma.
- Ekki eru allar spurningarnar á PSYCHLOPS skoraðar. Aðeins spurningar sem snúast um Vandamál (Spurning 1b og 2b), Virkni (Spurning 3b) og Vellíðan (Spurning 4) eru skoraðar. Aðrar spurningar hafa ekki áhrif á heildarskorið en gefa þess í stað hagnýtar upplýsingar.
- Spurningar sem eru skoraðar eru merktar með eftirfarandi tákni :  Meðferðaraðilinn getur skráð skorin í þessa reiti.
- PSYCHLOPS samanstendur af þremur þáttum (Vandamál, Virkni og Vellíðan) og fjórum spurningum sem eru skoraðar.
- Hæsta skor á PSYCHLOPS er 20 stig.
- Hæsta skor fyrir hverja spurningu er 5 stig.
- Ef bæði S1 (Vandamál 1) og S2 (Vandamál 2) hefur verið svarað, er heildarskorið reiknað út á eftirfarandi hátt:  $S1b + S2b + S3b + S4$ .
- Ef S1 (Vandamál 1) hefur verið svarað en sleppt hefur verið að svara S2 (Vandamál 2), er heildarskorið reiknað út á eftirfarandi hátt:  $(S1b \times 2) + S3b + S4$ . Með öðrum orðum er skor fyrir S1 margfaldað með tveimur. Þetta tryggir að hæsta skor sem einstaklingur getur fengið er 20 stig.

Heildarskor PSYCHLOPS - meðan á meðferð stendur: \_\_\_\_\_